

## Ákvæði í almennu leyfi til fiskveiða

Almennt leyfi til fiskveiða í atvinnuskyni er gefið út á grundvelli laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og gildandi reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni.

Leyfi gildir frá og með útgáfudegi og gildir svo lengi sem skipi er haldið til fiskveiða. Leyfið fellur niður hafi fiskiskipinu ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði samfelld. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá Siglingastofnunar Íslands og ef eigendur eða útgerð þess fullnægir ekki skilyrðum til að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

**Um reglur varðandi fiskveiðar vísast til ofangreindra laga og reglugerðar, ákvæða laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofnasjávar, sem og reglna sem settar hafa verið og settar kunna að verða samkvæmt framannefndum lögum.**

**Útgerðarmönnum og skipstjórnendum er bent á að kynna sér þessar reglur og fara eftir þeim í hvívetna.**

**Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi skilyrðum og reglum sem eiga við um fiskveiðar:**

1. Um vigtun sjávaraflla vísast til III. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og ákvæða gildandi reglugerðar um vigtun sjávaraflla.
2. Skipstjóra er skylt að halda sérstaka afladagbók sem Fiskistofa leggur til. Upplýsingar í afladagbókum skulu nýtast í vísindalegum tilgangi, sem eftirlitsgögn og til annarra verkefna er varða stjórnun fiskveiða.
3. Brot gegn ákvæðum ofangreindra laga og reglugerðar og ákvæðum leyfisbréfs þessa varða áminningu eða sviptingu veiðileyfis og öðrum viðurlögum samkvæmt ákvæðum laganna.
4. Veiðileyfið er bundið þeim skilyrðum að báturinn hafi gilt haffærisskírteini og sé skrásettur á skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum.